

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 271. fundur

Föstudaginn 25. ágúst 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir og Sverrir Óskarsson.

Fundinn sátu einnig, Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2018
2. Önnur mál

### Tekið fyrir:

#### 1. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2018

Fyrir fundinum lá tillaga að meginforsendum fjárhagsáætlunar Strætó fyrir árið 2018. Þar kemur m.a. fram tillaga; að auka akstur um kvöld og helgar, að sérstök sumaráætlun verði aflögð, næturstrætó aðfararnótt laugar- og sunnudags. Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á leiðum 2, 6, 6a, 21, 28 og 35, sem tengjast m.a. nýjum byggðakjörnum á höfuðborgarsvæðinu og bættri þjónustu.

Framlögð tillaga felur í sér aukna og bætta þjónustu Strætó við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Áætlaður brúttókostnaður vegna breytinganna er um 462 m.kr. á ársgrundvelli, áætluð tekjuaukning um 208 m.kr. og nettókostnaður um 254 m.kr.

Stjórn samþykkir að framlögð tillaga að meginforsendum fjárhagsáætlunar 2018 verði lögð fyrir eigendafund fyrirtækisins í samræmi við grein 5.2.5 í eigendastefnu Strætó.

Bókun frá Sigrúnu Eddu Jónsdóttir fulltrúa Seltjarnarnesbæjar vegna framangreindrar samþykkrar stjórnar: Sigrún Edda vísar í umsögn Seltjarnarnesbæjar sem send var Strætó um lengingu á aksturstíma og næturakstur en þar kom fram að Seltjarnarnes telur ekki tímabært að fara í næturakstur.

#### 2. Önnur mál

- a) Umfjöllun um öryggismál í kjölfar slyss sem varð 23. ágúst sl.
- b) Sameiginlegur fundur stjórnar Sorpu og stjórnar Strætó. Stjórn felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að finna fundartíma í samráði við stjórnendur Sorpu.
- c) Fyrirspurn um endurútgáfu leiðakerfisbóka. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.
- d) Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ný tegund af metan vagni (blár í útliti) væri í tilraunaakstri hjá Strætó á árinu 2017

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: 12:30

### Fylgiskjöl:

Engin fylgiskjöl

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Guðlaug Kristjánsdóttir

---

Sverrir Óskarsson

---

Bryndís Haraldsdóttir

---

Gunnar Valur Gíslason

---

Sigrún Edda Jónsdóttir